

Upplýsingar um aðlögunarfærni

Yngsta stig grunnskóla (1.-4. bekkur)

Athugið: Ef færni barnsins er lakari (færni ekki náð á mörgum atriðum) þá er ráðlagt að styðjast einnig við viðmiðunarspurningar fyrir leikskólaaldur.

Upplýsingar um tjáskiptafærni

- Talar barnið í heilum setningum sem innihalda nafnorð, sagnorð og lýsingarorð?
- Notar barnið persónufornöfn og eignarfornöfn að mestu rétt í tali?
- Hvernig gengur barninu að halda einbeitingu í skóla og við heimanám eða heimalestur?
- Skilur barnið og fylgir flóknari fyrirmælum (tví- eða þríþætt)? T.d. “Stökktu á sjónvarpinu og settu glasið í vaskinn”.
- Segir barnið frá deginum sínum? T.d. hvað það gerði með vini í dag, hverjir voru með o.s.frv.
- Hvernig er lestrargeta barnsins miðað við jafnaldra?
- Hversu langan texta skrifar barnið (án forskriftar)?

Upplýsingar um athafnir daglegs lífs

- Notar barnið síma til að hringja í eða senda skilaboð til foreldra eða vina?
- Ratar barnið um sitt hverfi? Fer barnið eitt að hitta vini og lætur vita af ferðum sínum, kemur það sér sjálft í eða úr skóla?
- Kann barnið á klukku?
- Þekkir barnið vikudagana? Veit barnið hvað það á að gera á hverjum degi? T.d. fótboltaæfing á þriðjudögum, sund á miðvikudögum.
- Áttar barnið sig á því til hvers peningar eru notaðir og hvernig hægt er að eignast pening?
- Fer barnið eitt út í nálæga verslun, kaupir minnst eina vöru og kemur með heim?
- Getur barnið verið eitt heima í stutta stund?
- Notar barnið viðeigandi öryggisbúnað án áminningar? T.d. hjálm á hjóli og bílbelti.
- Fær barnið sér einfalt snarl án aðstoðar? T.d. morgunkorn, brauðsneið eða jógúrt.

Upplýsingar um félagslegt samspil

- Á barnið vini? Ef svo er, hversu oft í viku hittast þau og hvað gera þau saman?
- Notar barnið orð í stað þess að missa stjórn á skapi sínu ef það kemst í uppnám eða fær ekki það sem það vill?
- Tekur barnið þátt í samtali og leggur það eitthvað til málanna eða spyr spurninga? T.d. við matarborðið eða í bílnum. Eru umræðuefnin fjölbreytt eða einskorðast þau við áhuga barnsins?